

Grikkland: Einkavæðing Piraeus-hafnar endurvakin - Kínverjar líklegir kaupendur

Eftir Björn Bjarnason

Skömmu eftir að stjórn róttækra vinstrisinna, Syriza, tók við völdum í Grikklandi í janúar var tilkynnt að fallið hefði verið frá sölunni á meirihlutaeign gríska ríkisins í Piraeus-höfn skammt utan við Aþenu. Það félli ekki að kosningastefnu flokksins og sósíalískum viðhorfum að einkvæða hafnarrekstur eða opinbera starfsemi á ýmsum öðrum sviðum.

Laugardaginn 27. mars birti kínverska fréttastofan Xinhua hins vegar frétt þar sem haft var eftir vara-forsætisráðherra Grikklands að höfnin yrði seld innan fárra vikna. Er þessi kúvending talin til marks um sviptingarnar sem eru í Aþenu þegar stjórnvöld leita logandi ljósi að úrræðum sem geri þeim kleift að fullnægja kröfum þríeykisins (ESB/SE/AGS) og fá fjármagn til að komast hjá greiðsluþroti ríkisins.

Gríska ríkið á 67% í Piraeus Port Authority (OLP) það er hlutafélaginu um Piraeus-höfn. Kínverska skipafélagið Cosco Group er í hópi fimm tilboðsgjafa í eignarhlut ríkisins í höfninni sem hafa verið til sérstakrar athugunar á einkavæðingarnefnd Grikklands sem starfaði í umboði ríkisstjórnarinnar sem fór frá völdum eftir kosningarnar 25. janúar 2015. Vildi ríkisstjórn undir forsæti Alexis Tsipras, leiðtoga Syriza, binda enda á alla einkavæðingu.

Xinhua segir að föstudaginn 27. mars hafi gríska ríkisstjórnin lagt nýjar tillögur fyrir þríeykið og þar á meðal um einkavæðingu. Grískir ráðherrar hafa verið á ferð um Kína og segir fréttastofan að Yannis Dragasakis vara-forsætisráðherra hafi sagt að Cosco og aðrir tilboðsgjafar geti „gert mjög samkeppnishæft tilboð“.

Hann sagði að innan nokkurra vikna yrði unnt að ganga frá sölusamningi en framkvæmdin hefði „aðeins tafist“ vegna stjórnarskipta í Grikklandi. Xinhua segir að Dragasakis hafi gefið til kynna að Cosco stæði framarlega í röðinni.

Skiptar skoðanir eru um hvenær gríska ríkissjóðurinn kemst í greiðsluþrot. Sumir nefna miðvikudaginn 8. apríl aðrir tala um 20. apríl, allir eru þó sammála um að örvæntingar verði vart meðal þeirra sem þekki best til mála innandyrna í gríska ríkisfjármálaheiminum.

Cosco hefur þegar tekið að sér rekstur hluta hafnarinnar í Piraeus.